

Ár 2024, 25. júní kl. 10:00 kom landskjörstjórn saman á fundi í Þjóðminjasafni Íslands til að úrskurða um gildi ágreiningsseðla og lýsa úrslitum forsetakjörs sem fram fór þann 1. júní sl.

Fyrir var tekið að úrskurða um einn ágreiningsseðil úr Norðvesturkjördæmi og kveðinn upp svofelldur

ú r s k u r ð u r nr. 15/2024:

I.

Ágreiningsatkvæðið barst landskjörstjórn frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis þann 4. júní sl. Ágreiningur var á milli umboðsmanna og yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis og kjörseðilinn því sendur landskjörstjórn til úrskurðar, sbr. 3. mgr. 99. gr. og 1. mgr. 120. gr. kosningalaga nr. 112/2021

Um er að ræða kjörfundaratkvæði þar sem tákn er merkt í fering fyrir framan nafn frambjóðanda. Umboðsmenn telja að um auðkenningu eða teikningu á seðlinum sé að ræða sem sýni ekki skýran vilja kjósenda. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið gilt þar sem vilji kjósenda væri skýr.

II

Landskjörstjórn telur ótvírætt að vilji kjósenda sé skýr. Ekki sé um auðkenningu að ræða þrátt fyrir að merking sé ekki í samræmi við það sem kveðið er á um í kosningalögum.

Með vísun til 105. gr. kosningalaga er niðurstaða yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis staðfest.

Ú R S K U R ð A R O R ð

Ákvörðun yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis um gildi ágreiningsatkvæðis er staðfest.

Landskjörstjórn

Kristín Edwald formaður (sign.)

Arnar Kristinsson (sign.)

Ebba Schram (sign.)

Hulda Katrín Stefánsdóttir (sign.)

Magnús Karel Hannesson (sign.)